

## Tillaga um breytingu aukapinga

Frá því að SSNE hóf starfsemi hefur fjarfundarmenning tekið gríðarlega miklum framförum og má segja að flestir hafi tileinkað sér hana. SSNE hefur nýtt mjög vel þau tækifæri sem í fjarfundum felast og á þeim vettvangi stóraukið upplýsingamiðlun, samtal og samstarf við sveitarfélögin, aðra hagaðila, ríki og stofnanir. Sem dæmi um samstarf og samráð á vettvangi SSNE má nefna:

- Reglulegir upplýsinga- og samráðsfundir með kjörnum fulltrúum og framkvæmdastjórum sveitarfélaga, nánast mánaðarlega. Á þessum föstudagsfundum er gott samtal og hafa þeir reynst vel.
- Mjög mikið er lagt upp úr því að upplýsa um starfsemina hjá okkur. Allir sem áhuga hafa á því sem við erum að fást við hafa mjög gott aðgengi að upplýsingu um það.
- Heimsóknir til sveitarfélaganna m.a. til að ræða sóknaráætlun og áherslur þar. Þannig fáum við mjög gott samtal um verkefni og vilja sveitarfélaganna.
- Áhersla á að vera í virku samtali við atvinnulífið á svæðinu og sækja fram á vettvangi atvinnuþróunar og nýsköpunar.
- Sérstök áhersla er á það að leiða saman hagaðila varðandi umhverfismál og úrgangsmál hafa fengið athygli umfram annað undanfarna mánuði.

Með vísan til öflugrar fjarfundamenningar, víðtæks samráðs við sveitarfélögin, samtök, stofnanir, atvinnulífið og aðra hagaðila, er tilefni til að endurskoða ákvæði í samþykktum SSNE um aukaping. Í stað formlegs aukapings í september og aftur í desember verði eitt formlegt aukaping í desember. Þá er komin nokkuð skýr mynd á fjárhag yfirstandandi árs, nokkuð góð mynd komin á fjárhag næsta árs og starfsáætlun næsta árs getur verið orðin skýr, nema áhersluverkefni mun vanta inn í hana.

En þing SSNE eru engu að síður mjög mikilvægur vettvangur samtals og samstarfs og vilji er til þess að festa eitt aukaping sem væri annars eðlis en hin formföstu þing. Þar væri áhersla á ákveðin efnistökin sem eru brýn og/eða áhugaverð á hverjum tíma, en formfesta yrði minni en á ársþingi í apríl og aukapingi í desember.

Stjórn SSNE leggur fram eftirfarandi tillögu:

1. og 2. mgr. 9. gr. samþykktu SSNE verði svohljóðandi: „Stjórn skal boða þingfulltrúa til a.m.k. tveggja reglulegra aukapinga, eigi síðar en 30. september og 31. desember ár hvert.

*Aukaping í september skal vera vettvangur til að taka á dagskrá málefni sem þörf er talin á að fjalla um hverju sinni meðal þingfulltrúa SSNE, sveitarfélaga og annarra hagaðila, vinna hópastarf og/eða annað samstarf en dagskrá er ekki skilyrt að öðru leyti.*

Á aukapingi í desember skulu eftirtalin mál tekin á dagskrá:

1. Skýrslur um framvindu starfs- og fjárhagsáætlunar.
  - a. Stjórn SSNE
  - b. Úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs sóknaráætlunar Norðurlands eystra
  - c. Fagráð
  - d. Undirnefndir – ef við á
2. Starfsáætlun næsta árs
3. Tillögur um breytingar á fjárhagsáætlun
4. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin“